

Ivan Kaufmann

Von: Gestur Gunnarsson <gestur@dls.is>
Gesendet: Mittwoch, 27. August 2025 07:38
An: andres.fjeldsted@arionbanki.is; ragnhildur.sophusdottur@arionbanki.is
Cc: Sigurður G.;
Betreff: Vélfag ehf. og Ivan Nicolai Kaufmann
Anlagen: Letter of Authorization - Ivan Nicolai Kaufmann.pdf

Góðan dag,

Til okkar hefur leitað Ivan Nicolai Kaufmann, sem er með svissneskt og liechtensteinskt ríkisfang og búsettur í Sviss. Hann er óbeint meirihlutaeigandi félagsins Vélfags ehf., kt. 410995-3019, í gegnum félag í Hong Kong, sem er í fullri eigu hans. Við höfum tekið að okkur að gæta hagsmuna hans (sjá umboð í viðhengi).

Vísað er til samskipta sem hann hefur átt við Arion banka upp á síðkastið og fundar sem haldinn var í bankanum mánudaginn 18. ágúst sl. og var tekinn upp í hljóði og mynd. Fyrir fundinn hafði hann óskað eftir því að á fundinum væru viðstaddir fulltrúar Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Í tölvupósti sl. mánudag óskaði umbjóðandi okkar eftir staðfestingu þess að fulltrúar Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins hefðu verið boðaðir á fundinn. Sú ósk er vinsamlegast ítrekuð hér.

Í viðhengi við póstinn sl. mánudag var jafnframt bréf frá [redacted] Schweiz, sem er félag sem var ríkisvætt af [redacted] árið 2022. Bréfið var stílað á Arion banka. Í því var m.a. gerð grein fyrir áreiðanleikakönnunum sem [redacted] Schweiz hefur framkvæmd á umbjóðanda okkar, bæði í október 2024 og í júní 2025.

Póstinum hefur ekki verið svarað.

Með þessum pósti tilkynnum við að við höfum tekið að okkur að gæta hagsmuna Ivan Nicolai og að hann hefur falið okkur að taka að okkur samskipti við bankann og yfirvöld fyrir hans hönd. Með vísan til þess sem rætt var á fundi bankans með Ivan Nicolai í síðustu viku er ítrekuð fyrirspurn um hvort bankinn muni, ef á reynir, taka til varna í dómsmáli fyrir íslenskum dómstólum eða hvort bankinn sé reiðubúinn til að komast frekar að samkomulagi um gerðardómsmeðferð?

Umbjóðanda okkar og Vélfagi hefur verið valdið gríðarlegu tjóni og mikilvægt að grípa til allra mögulegra úrræða til að takmarka það eins og kostur er, aflétta hvers kyns hindrunum og tryggja að farið sé að lögum og reglum.

Þess er vinsamlegast óskað að móttaka þessa tölvupósts sé staðfest og að ef einhverjar spurningar vakna sé haft samband við mig í síma 822-5188 eða í tölvupósti.

Virðingarfyllt,
Gestur Gunnarsson og Sigurður G. Guðjónsson

Gestur Gunnarsson lögmaður, LL.M.



DRAUPNIR Lögmannsþjónusta // DRAUPNIR Legal Services
Höfðabakki 9d - 2. hæð, 110 Reykjavík – www.draupnir.is
Tel: +354 4 150 150

Fyrirvari: Tölvupóstur þessi er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Óheimil notkun á honum varðar við lög.

Disclaimer: This electronic message and/or its attachments are only for the use of the addressee and may contain privileged and confidential information. Unauthorized use of it is a violation of law.